

53

27. marz

AUGLÝSING

**um breyting á gjaldskrá fyrir Fiskræktar- og veiðifélagið Blanda
nr. 14 5. marz 1930.**

1. Enni 90 einingar fyrir 140 einingar.
2. Blönduós, 200 einingar fyrir 85 einingar.
3. Hnjúkur, 180 einingar fyrir 140 einingar.

Við arðskrána bætist: Mælifelli 30 einingar, Eyvindarstaðaheiði 40 einingar og Auðkúluheiði 40 einingar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. marz 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

54

3. apríl

AUGLÝSING

um erlend vegabréf.

Með tilvísun til auglýsingar dómsmálaráðuneytisins frá 1. júní 1937, sem sett var samkvæmt 3. mgr. 8. gr. reglugerðar um eftirlit með útlendingum frá 24. maí 1937, er hér með ákveðið að menn með tékkoslovakisk vegabréf þurfi eftir 15. apríl 1939 að fá staðfestingararitun (vísun) á vegabréf sín, ef þeir ætla að ferðast til Íslands.

Í dómsmálaráðuneytinu, 3. apríl 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

55

11. apríl

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar skal greiða fasteignaskatt samkvæmt lögum nr. 69 31. des. 1937, af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af verzlunarlóðum og lóðum til atvinnureksturs 2%.
2. Af verzlunarhúsum, verksmiðjum, byggingum til atvinnureksturs, bryggjum og álíka mannvirkjum 1%.
3. Af byggingarlóðum byggðum og óbyggðum 1,5%.
4. Af íbúðarhúsum 0,75%.
5. Af túnum, matjurtagörðum, fiskreitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og lendum 0,5%.

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því sem umfram er skal sleppa, og nái fasteignamatsvirðing eignar ekki 100 krónum greiðist enginn skattur.

55

11. apríl

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða um önnur sammingsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiðir ábúandi eða leigjandinn skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkvæmt reglugerð þessari skal í fyrsta sinn vera 15. apríl 1939, en síðan skjal gjalddagi vera 2. janúar ár hvert, í fyrsta skipti 2. janúar 1940. Skattinn ber að greiða hjá bæjargjaldkera.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur tveim mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum, samkvæmt 30. gr. laga nr. 106 23. júní 1936.

7. gr.

Undanþegnir fasteignaskatti samkv. reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjar-sjóðs Hafnarfjarðar, aðrar en lóðir og lönd, sem seldar eru á leigu. Ennfremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana: skólahús, barnahæli, sjúkrahús, svo og aðrar eignir, sem undanþegnar eru samkv. 4. gr. laga nr. 69 1937.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. — Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937 til að öðlast gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. apríl 1939.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.